

REGLUR um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að viðhalda sveiflujöfnunarauka samkvæmt 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.
Gildi sveiflujöfnunarauka.

Fjármálafyrirtæki skulu viðhalda sveiflujöfnunarauka vegna innlendra áhættuskuldbindinga með eftirfarandi hætti:

- a. Gildi sveiflujöfnunarauka skal vera 0% af áhættugrunni til og með 28. september 2022.
- b. Frá og með 29. september 2022 skal gildi sveiflujöfnunarauka vera 2% af áhættugrunni.

Fjármálafyrirtæki skal einnig viðhalda sveiflujöfnunaraukanum á samstæðugrunni.

Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal vegna sveiflujöfnunarauka ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafa verið samþykktar af fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands og öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 227/2020 um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki.

Seðlabanka Íslands, 28. september 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri.